

## Fullverkaður fyrir Spánarmarkað (Norður-Spánn):

I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.39
II. —	— — — —	4.00
III. —	— — — —	3.69
Portúgalsverkaður:		
I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.59
II. —	— — — —	4.19
III. —	— — — —	3.86
Cubaverkaður:		
I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.76
II. —	— — — —	4.34
III. —	— — — —	4.01
IV. —	— — — —	3.68
Brazílu- og Argentínuverkaður:		
I. flokkur	kr. pr. kg fob.	4.96
II. —	— — — —	4.54
III. —	— — — —	4.19

152

11. nóv.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.*

Jóhann Þ. Jósefsson.

*Gunnl. E. Briem.*

## S A M Þ Y K K T

## um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.

153

11. nóv.

## 1. gr.

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Frá 20. október til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 á laugardögum.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útliti er fyrir að skortur geti orðið á þeim, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðd. og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

## 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

153

11. nóv.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálf-sölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Sauðárkróks. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um lokun sölubúða á Sauðárkróki, nr. 191 frá 24. nóvember 1942.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1948.*

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

154

11. nóv.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Neskaupstaðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Neskaupstaðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 auru hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 auru á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.